

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



**UMHVERFISSTOFNUN**

Reykjavík, 18. janúar 2013  
Tilvísun: UST20121200163/bs

## Múlavirkjun uppsett afl 3.2 MW - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. desember 2012 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum aukin vatnsborðshækkun Baulárvallavatns vegna Múlavirkjunar skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í júlí 2012 sótti virkjunarleyfishafi um til Orkustofnunar um breytingar á gildandi virkjunarleyfi í þá veru að leyft verði enn frekari hækkan vatnsborðs Baulárvallavatns. Helstu röksemdir virkjunarleyfishafa í tilkynningarskýrslu fyrir aukinni vatnsborðshækkun eru þær að ekki hafi komið fram neikvæð áhrif núverandi virkjunar á þá umhverfisvísa sem notaðir hafa verið til að meta ástand lífríkis á áhrifasvæði virkjunarinnar, þ.e. ástand stofna urriða annars vegar og straumandar hins vegar.

Umhverfisstofnun vill benda á eftirfarandi athugasemdir úr fylgiskjali nr. 14 bls. 12 en þar segir m.a.: *"Eftir sex ára starfsemi Múlavirkjunar eru enn breytingar að koma fram á urriðastofnum vatnanna. Áhersla er lögð á að fylgst verði með ástandi og hrygningu urriðastofna Baulárvallavatns og Hraunsfjarðarvatns, þar til ljóst er að hugsanleg áhrif Múlavirkjunar séu að fullu komin fram."*

Svipuð ábending kemur fram í fylgiskjali nr 12 bls. 7, en þar segir m.a.: *"Það tekur talsverðan tíma og rannsóknir að vega og meta áhrif sem verða á lífríki af völdum frankvæmda eins og Múlavirkjunar. Vatnsborðssveiflur í Hraunsfjarðarvatni valda ofauðgun og spurning hvort hún hafi áhrif á fjölda straumanda á Straumfjarðará og hvenær og hvort jafnvægi verði náð. Þetta er áleitin spurning, sem hvetur til áframhaldandi vöktunar."*


Umhverfisstofnun vill enn fremur benda á eftirfarandi sem fram kemur í rekstrarleyfi Múlavirkjunar sem Iðnaðarráðherra veitti með skilyrðum 28. október 2008, fylgiskjal 1, en þar segir í niðurlagi: *"Orkustofnun hefur eftirlit með því að skilyrði leyfisins séu haldin og skal upplýsa Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun um framkvæmd skilyrða leyfisins. Leyfið má endurskoða að fimm árum liðnum og breyta skilyrðum ef ekki tekst á grundvelli þess að viðhalda eðlilegum stofnum straumandar og urriða."*

Umhverfisstofnun telur að hér komi skýrt fram þær hugmyndir að hér sé um langtíma áhrif að ræða þar sem endurskoðun virkjunarleyfis getir fyrst farið fram veturninn 2013.

Niðurstaða: Umhverfisstofnun telur að enn ríki óvissa um varanleg umhverfisáhrif núverandi Múlavirkjunar. Ekki er unnt á grundvelli núverandi gagna að spá fyrir um endanleg

umhverfisáhrif frekari vatnsborðshækkunar. Því telur stofnunin að fara eigi fram mat á umhverfisáhrifum á þeirri breytingu á skilyrðum virkjanaleyfis sem hér er til umfjöllunar. Umhverfisstofnun telur ótímabært að fjalla um breytingar á virkjanaleyfi Múlavirkjunar fyrr en fyrir liggja öruggari vísbendingar um varanleg áhrif núverandi virkjunar.

Virðingarfylst  
Olafur A Jónsson  
Deildarstjóri



Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson

